

Aðalfundur Vistís laugardaginn 30. mars 2019, Háskólanum á Hólum

Dagskrá:

1. Stjórn félagsins gerir grein fyrir störfum félagsins
2. Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins
3. Lagabreytingar, ef einhverjar eru
4. Kosning stjórnar og varastjórnar
5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og einn til vara
6. Ákvörðun árgjalds
7. Önnur mál

Erpur Snær Hansen hafði verið skipaður fundarstjóri og Jóhann Þórsson fundarritari, þessu var ekki mótmælt.

Erpur Snær Hansen setti fundinn kl. 17:20 og gekk strax til dagskrár. 17 mættir

1. Ingibjörg Svala Jónsdóttir flutti skýrslu stjórnar, sjá viðhengi.
2. Gísli Már Gíslason kynnti ársreikninga. Vegna veikinda gjaldkera eru þeir enn óundirritaðir en munnlegt samþykki endurskoðenda félagsins liggur fyrir.
Bornir undir atkvæði með þeim fyrirvara að undirskrift endurskoðenda fengist. Samþykktir með öllum atkv. greiddum, engin mótaskvæði.
Ársreikningar fylgja fundargerð í viðhengi.
3. Lagabreyting: 2. grein
Tómas Grétar Gunnarsson kynnti. 2. gr. hljómar nú svo: „Hlutverk félagsins er að efla íslenskar vistfræðirannsóknir og vistfræðipækkingu. Þessu hlutverki hyggst félagið sinna með því að:
a) Stuðla að kynningum á rannsóknnum íslenskra vistfræðinga og vistfræðinema.
b) Efla tengsl milli þeirra sem sinna vistfræðirannsóknnum.
c) Stuðla að samþættingu vistfræðirannsókna á Íslandi.
d) Stuðla að faglegri þjóðfélagsumræðu og fræðslu um vistfræðileg málefni.“
Breytingatillaga stjórnar er eftirfarandi:
„Hlutverk félagsins er að efla vistfræðirannsóknir og vistfræðipækkingu. Þessu hlutverki hyggst félagið sinna með því að:
a) Stuðla að kynningum á rannsóknnum vistfræðinga og vistfræðinema með áherslu á rannsóknir á Íslandi.
b) Efla tengsl milli þeirra sem sinna vistfræðirannsóknnum.
c) Stuðla að samþættingu vistfræðirannsókna á Íslandi.
d) Stuðla að faglegri þjóðfélagsumræðu og fræðslu um vistfræðileg málefni.“
Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, engin mótaskvæði.
4. Kosning stjórnar.
Kosið var um stjórnarsæti Jóhanns Þórssonar varamanns og Erps Snæs Hansen og Ágústu Helgadóttur aðalmanna. Þau höfðu öll ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram.
Isabel C. Barrio og Edda Elísabet gáfu kost á sér í embætti aðalmanna og Starri Heiðmarsson gaf kost á sér í embætti varamanns. Engin mótframboð bárust og voru þau sjálfkjörin.

5. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Hildur Magnúsdóttir og Bryndís Marteinsdóttir án mótatkvæða.
6. Samþykkt óbreytt áfram, 2500 sama áfram. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
7. Önnur mál
 - a. Ingibjörg Svala Jónsdóttir sagði frá þeirri ákvörðun stjórnar að efna til samkeppni meðal félagsmanna um merki félagsins. Ætlunin er að að auglýsa eftir tillögum í haust.

Annað gerðist ekki.

Jóhann Þórsson, fundarritari

Skýrsla stjórnar Vistfræðifélags Íslands 2019.

Aðalfundur

Níundi aðalfundur Vistfræðifélags Íslands var haldinn 16. mars 2018 í fundarsal Hafró að Skúlagötu 4, Reykjavík.

Á aðalfundi var kosið um þrjú sæti í stjórn og hlutu eftirildir kosningu: Freydís Vigfúsdóttir, Gísli Már Gíslason (endurkjörinn) og Tómas Grétar Gunnarsson (endurkjörinn).

Formaður lagði fram tillögum um að félagið sækti um aðild að Landvernd og var sú tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ráðstefna í Reykjavík

Haldin var eins dags ráðstefna þann 16. mars 2018 í fundarsal Hafró að Skúlagötu 4, Reykjavík. Flutt voru 19 erindi og 18 veggspjöld kynnt.

Ráðstefnan þótti takast mjög vel og mikil ánægja var með móttökurnar hjá Hafró

Stjórnarstörf

Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum þann 23. apríl sem hér segir:

Ingibjörg Svala Jónsdóttir, formaður,

Tómas Grétar Gunnarsson, varaformaður og ábyrgðarmaður félagsskrár

Gísli Már Gíslason, gjaldkeri,

Ágústa Helgadóttir, kynningafulltrúi (vefsíða o.fl.)

Freydís Vigfúsdóttir, kynningafulltrúi (vefsíða o.fl.)

Erpur Snær Hansen, ritari. Hann sagði sig úr stjórn 30. nóvember af persónulegum ástæðum

Jóhann Þórsson, meðstjórnandi

Stjórnin fundaði alls níu sinnum á tímabilinu (23.04.18, 14.05.18, 18.09.18, 18.10.18, 06.12.18, 16.01.19, 12.02.19, 12.03.19).

Félagsmenn

Í dag telur félagið 141 félagsmann. Frá síðast aðalfundi hafa 10 gengið í félagið en enginn sagt sig úr því. Um 20% félagsmanna eru erlendir (einkum framhaldsnemar við íslenska háskóla).

Landvernd

Samkvæmt samþykkt aðalfundar sótti félagið um aðild að Landvernd og var umsóknin samþykkt þann 24. apríl 2018. Formaður sótti aðalfund Landverndar fyrir hönd félagsins þann 30. apríl.

Ályktanir

Stjórn félagsins sendi frá sér tvær ályktanir fyrir hönd félagsins sem báðar voru birtar á vefsíðu félagsins og Facebook-síðu félagsins.

Ályktun vegna sjókvíaeldis á laxfiskum þann 14. Nóvember var auk þess send til allra helstu fjölmiðla.

Stjórn Vistfræðifélags Íslands og aðrir sérfræðinga í vistfræði sendu frá sér ályktun vegna ófaglegrar skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um þjóðhagsleg áhrif hvalveiða þann 21. janúar. Ályktunin var send til allra fulltrúa í atvinnuveganefnd Alþingis. Í framhaldi af því var formaður félagsins kallaður fyrir nefndina ásamt fulltrúum Samtaka ferðaþjónustunnar, Náttúruverndarsamtökum Íslands og IFAW. Formaður fékk í lið með sér hvalasérfræðinginn Eddu Elísabeti Magnúsdóttur og gerðu þær í sameiningu nefndinni grein fyrir helstu gagnrýnispunktunum sem fram komu í ályktuninni og svöruðu spurningum nefndarmanna. Eins og kunnugt er kom þetta ekki í veg fyrir að ráðherra heimilaði áframhaldandi hvalveiðar ...

Styrkir

Sjötta árið í röð hlaut Vistfræðifélag Íslands styrk að upphæð 50.000 sænskra króna frá Nordic Society Oikos. Styrkurinn var nýttur til að styrkja ráðstefnu Vistís á Hólum.

Ráðstefnan á Hólum 2019

Fulltrúar stjórnar hafa unnið að undirbúningi ráðstefnunnar Vistís 2019 á Hólum 29. – 30. mars ásamt fulltrúum frá Háskólanum á Hólum.

Oikos 2020

Skipulag Oikos 2020 ráðstefnunnar er stærsta verkefni félagsins hingað til, en búast má við allt að 300 gestum frá Norðurlöndunum og Bretlandi. Undirbúningur hefur verið í fullum gangi. Gerður var samningur við CP Reykjavík um aðstoð við skipulagningu ráðstefnunnar. Fulltrúar stjórnar hafa unnið með þeim að fjárhagsáætlun og uppsetningu á vefsíðu ráðstefnunnar.

Auglýst var eftir áhugasömum fulltrúum í vísindanefnd ráðstefnunnar meðal félagsmanna og voru fjórir sem gáfu kost á sér í það auk stjórnarmanna, eða þær Agnes Katharina Kreiling, Hildur Magnúsdóttir, Isabel C. Barrio og Ragnhildur Guðmundsdóttir. Nefndin hittist nokkrum sinnum til að ákveða þemu ráðstefnunnar og velja flytjendur yfirlitserinda (keynotes). Yfirskriftin verður Vistfræði á tíma manna eða “Ecology in the Anthropocene”.

Keynotes verða Thomas Elmqvist, sérfræðingur í náttúruauðlindastjórnun og prófessor við Stockholm Resilience Centre, Háskólanum í Stokkhólmi, Inger Alsos, sérfræðingur í forn DNA og prófessor við Háskólasafnið við Háskólann í Tromsø, , Vigdis Vandvik, plöntuvistfræðingur, prófessor við Háskólann í Bergen og forstöðumaður BioCEED sem er öndvegissetur um líffræðikennslu og David Lusseau, sjávar- og atferlivistfræðingur, prófessor við Háskólann í Aberdeen.

Hér með er lýst eftir áhugasömum um að taka þátt í undirbúningi Oikos 2020 þegar nær dregur.

Reykjavík 12. mars, 2019

Stjórn Vistfræðifélags Íslands